

## Úrgangur frá verkstöðum PG Verks 2024.

Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs árið 2024 og samanburður við fyrri ár.

### 1. Úrgangur frá verkstöðum: Magn, flokkunar og endurheimtarhlutfall (endurnýtingarhlutfall).

Undanfarin misseri hefur það verið stefna hér að landi að minnka sem mest úrgang sem fer í landfyllingu, þ.e. er ekki endurheimtur með endurnýtingu eða á annan viðukenndan hátt.

Í takt við þá þróun er nú farið að leggja áherslu á að skoða endurheimtuhlutfall úrgangs frekar en flokkunarhlutfall. Það er síður í takt við þá stefnu að vera að horfa á flokkun úrgangs í flokka sem eru ekki endurheimtir heldur fara í landfyllingu.

Sjá hér að neðan upplýsingar um endurheimtuhlutfall PG Verks raðað eftir endurheimtuhlutfalli verkstaða 2024 samanborðið við árin 2023 og 2022. Flokkunarhlutfallið er sýnt til samanburðar en hluti þess sem er flokkað fer ekki í endurheimt s.s. málað/plasthúðað timbur, gifsplötur og grófur úrgangur.

Verkstaður	2022			2023			2024		
	Tonn	Flokkað	Endurn.	Tonn	Flokkað	Endurn.	Tonn	Flokkað	Endurh
Skútahraun (Lager)	18	73%	73%	45	91%	61%	110	91%	88%
Baughamar							26	84%	84%
Hjúkrunarheimili RNB							74	94%	84%
NLSH Bílajakjallari				8	96%	96%	103	83%	81%
Urriðaholtsstræti				15	88%	88%	183	82%	80%
Þorraholt/Hekla							27	86%	80%
Stekkjaskóli	123	88%	65%	95	52%	49%	100	78%	74%
Urriðaholtsskóli	2	39%	0%	108	80%	68%	65	70%	67%
Stálhöfði							12	64%	64%
Grímmsgata				100	69%	62%	97	64%	56%
Vogabyggð	585	66%	52%	224	67%	42%	12	71%	48%
Sunnusmári	153	67%	63%	245	63%	48%	44	58%	44%
Alþingi	206	83%	77%	244	77%	69%	73	86%	40%
Urðarhvarf	48	75%	37%	28	72%	12%	82	40%	14%
Tónahvarf	11	94%	94%	35	80%	80%	12	78%	0%
<b>Samt. og vegin hlutföll</b>	<b>1192</b>	<b>72%</b>	<b>61%</b>	<b>1298</b>	<b>71%</b>	<b>58%</b>	<b>1020</b>	<b>77%</b>	<b>66%</b>

### 2. Breytingar á milli ára, magns og endurheimtarhlutfall hækkar.

Magn úrgangsg minnkar verulega á milli ára eða úr 1298 tonnum í 1020 sem er rúmlega 21% minnkun. Við erum að ná að hækka aftur endurheimtarhlutfallið eftir að það lækkaði nokkuð hjá okkur á árinu 2023. Fer úr 58% árið 2023 í 66% árið 2024.

**Sambætt áhrif þessa er að kolefnislosun úrgangs minnkar úr 175 tonnum árið 2023 í 127 tonn CO<sub>2</sub> ígildi árið 2024. Það er rúmlega 27% og því umtalsverð lækkun.**


Eins og áður eru flokkar sem fara í endurheimt fyrirferðarmestir í uppsteypufasa verka en á seinni stigum verka hækkar hjá okkur það hlutfall úrgangs sem fer í landfyllingu og þar eru mestu tækifærin á að bæta flokkun og koma stærra hlutfalli í endurheimtarflokka.

Á næstu síðum má sjá yfirlit yfir hlutfall úrgangsflokka fyrir PG Verk í heild.

*Bergjón Helgason*

Bergur Helgason gæða- og öryggisstjóri.

PG Verk, allir verkstaðir 2024, Úrgangsmýndun eftir úrgangsflokkum. Raðað eftir magni.



### Meðhöndlun úrgangs eftir úrgangsflokkum

